

[ENDURRIT]  
**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2015**

Þann 13. mars 2015 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann stakk upp á að Bragi Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Theodóra Thorlacius yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 99,99% hluta í félaginu og fer Steinþór Pálsson bankastjóri með öll þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja. Auk hluthafa var stjórn félagsins mætt á fundinn sem og Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri, og Helgi F. Arnarson endurskoðandi félagsins. Þá voru mættir á fundinn ýmsir gestir og margir starfsmanna félagsins.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
3. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2014 lagður fyrir til samþykktar
4. Kjör stjórnar félagsins
5. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags
6. Starfskjarastefna félagsins
7. Ákvörðun um meðferðar hagnaðar
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
9. Önnur mál

Gengið var til umræðu og afgreiðslu dagskrármál.

## **2. Skýrsla stjórnar félagsins**

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar félagsins flutti skýrslu stjórnar um hag og rekstur á liðnu starfsári. Hann fór yfir helstu niðurstöðutölur ársreiknings og kom fram að rekstrartekjur hefðu numið 1.104 m. kr. og sem var 14% aukning frá fyrra ári og var hagnaður ársins 188 m. kr. Eigið fé Landsbréfa í árslok nam 1.832 m. kr. og eiginfjárlutfall félagsins reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 53,8% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8%. Fram kom í máli hans að tillaga stjórnar væri sú að ekki yrði greiddur arður þetta skiptið og að hagnaði ársins yrði ráðstafað til hækkunar á eigin fé.

Fram kom í máli hans að Landsbréf hafa á liðnum misserum fest sig í sessi sem öflugt sjóðastýringarfyrirtæki, en á árinu 2014 hefði verið lögð áhersla á að skerpa línur í rekstri félagsins, styrkja innviði þess og auka sölustarf.

Fram kom í máli hans að sjóðastýring félagsins hefði almennt gengið vel á árinu. Eignir í stýringu í lok ársins hafði numið 111 milljörðum króna en þær voru 110 milljarðar í lok árs 2013. Í því samhengi sagði hann að við slíkan samanburð þyrfti að hafa í huga að úrvinnslu á eignasafni Horns fjárfestingafélags hefði lokið á árinu 2014 og með því hefðu farið rúmir 12 milljarðar króna úr stýringu. Ef ekki hefði komið til þess hefðu eignir í stýringu aukist um tæp 12%.

Þá kom fram að í árslok 2014 hafi starfsmenn félagsins verið 18 talsins samanborið við 19 árið áður. Nýr framkvæmdastjóri, Helgi Þór Arason, hefði verið ráðinn til félagsins á vormánuðum eftir að fyrrverandi framkvæmdastjóri sagði upp störfum. Sagði hann mikinn feng í að fá Helga til starfa hjá Landsbréfum. Hann byggði að mikilli reynslu af störfum sínum á fjármálamarkaði sem myndu nýtast Landsbréfum til enn frekari sóknar.

Hann fór yfir störf stjórnar á liðnu rekstrarári og kom fram að stjórn hefði fundað fjórtán sinnum. Þá greindi hann frá því að það væru starfandi tvær undirnefndir stjórnar, þ.e. starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd. Hann sagði áherslu vera lagða á það fylgja vönduðum stjórnarháttum og til vitnis um það hefði Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands fyrir skemmstu endurnýjað viðurkenningu sína til Landsbréfa sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Kom fram í máli hans að sú áhersla sem Landsbréf legðu á góða stjórnarhætti endurspegladi þá sýn að góðir stjórnarhættir ásamt kröftugu og metnaðarfullu starfsfólki væru forsendur góðs rekstrar.

Hann þakkaði að lokum meðstjórnarmönnum gott samstarf og þakkaði jafnframt framkvæmdastjóra félagsins og starfsfólki þess mikil og góð störf fyrir félagið.

Aðrir kvöddu sér ekki máls undir þessum dagskrárlið.

### **3. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2014 lagður fyrir til samþykktar**

Ársreikningur félagsins lá frammi til samþykktar. Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri félagsins, fór nánar yfir uppgjör félagsins og helstu liði þess. Fram kom í máli hans að hreinar rekstrartekjur hefðu numið 1.104 m.kr. og vaxið um 14% milli ára. Hagnaður nam 188 m.kr. sem var lítillaga hærri en árið áður, og skýrðist það af afskrifum, hækkun á greiðslu samkvæmt útvistunarsamningum og síðan hefðu laun hækkað milli ára vegna fjölgunar starfsmanna. Sagði hann félagið hafa yfir að ráða efnahag sem gerði félagið vel í stakk búið til að styðja við nýjar vörur. Þá kom fram að eignir í stýringu hefði lítillaga hækkað þrátt fyrir að rúmir 12 milljarðar hefðu horfið úr stýringu á árinu við slit á Horni fjárfestingarfélagi.

Framkvæmdastjórinn greindi frá því að góð ávöxtun hefði almennt verið hjá verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Landsbréfa og t.a.m. hefðu Landsbréf átt besta skuldabréfasjóðinn á markaði. Kom fram að þó rólegheit hefðu verið yfir mörkuðum hefði gengið vel að fá nýja fjárfesta í sjóði Landsbréfa og hefðu verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir félagsins þannig vaxið um 7 ma. á árinu og voru þeir 66,6 ma. í árslok og hefði markaðshlutdeild Landsbréfa heldur vaxið á árinu. Á sviði sérhæfðra fjárfestinga hefði fjármögnun Brunns vaxtarsjóðs að miklu leyti lokið á seinni helmingi ársins 2014 og að síðan að fullu í byrjun ársins 2015. Þessi sjóður sem væri fjármagnaður af lífeyrissjóðum, Landsbankanum og fjársterkum einstaklingum myndi fjárfesta í nýsköpunarverkefnum. Þá greindi hann frá fjárfestingum framtakssjóðanna Horn II slhf. og ITF I slhf. sem bæði stóðu í umtalsverðum fjárfestingum á árinu. Þá stiklaði hann á stóru yfir helstu verkefni á yfirstandandi ári og hvernig samkeppnisumhverfið væri og kom fram í máli hans að hann teldi líkur á því að samþætting yrði hjá rekstrarfélögum, enda stærðarhagkvæmni mikil í rekstri slíkra félaga.

Þegar framkvæmdastjórinn hafði lokið máli sínu vakti fundarstjóri athygli á því að Helgi F. Arnarson endurskoðandi félagsins væri mættur á fundinn ef fundarmenn vildu bera upp spurningar, en svo var ekki. Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs og var ársreikningur félagsins lagður fyrir fundinn og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

#### **4. Kjör stjórnar**

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim einstaklingum sem eru í kjöri til stjórnar og varastjórnar, en núverandi stjórnarmenn og varastjórnarmenn eru þau einu sem eru í framboði. Þetta eru sem aðalmenn:

Helga Gunnarsdóttir  
Jón Þór Grímsson  
Kristinn Ingi Lárusson  
Sigríður Hrund Guðmundsdóttir  
Sigurbjörn Jón Gunnarsson,

og sem varamenn þau Bergþór I. Björgvinsson og Heiður Agnes Björnsdóttir. Stjórn og varamenn eru því sjálfkjörnir. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og voru framangreindir einstaklingar þannig lýstir rétt kjörnir sem stjórnarmenn og varamenn í stjórn með öllum greiddum atkvæðum.

#### **5. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags**

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu að KPMG ehf. yrði endurkjörið sem endurskoðendafélag Landsbréfa hf. líkt og verið hefur. Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs undir þessum lið og var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 6. Starfskjarastefna félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að gildandi starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt óbreytt, en stefnan fylgdi með fundargögnum. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og var hún samþykkt.

## 7. Ákvörðun um meðferðar hagnaðar

Fundarstjóri vísaði til umfjöllunar formanns félagsins og sagði tillögu stjórnar vera þá að hagnaði ársins yrði ráðstafað til hækkunar á eigin félagsins. Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var hún borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi tillögu um þóknun til stjórnar. Tillagan er sú að þóknun til stjórnarmanna verði 200.000 kr. á mánuði og að mánaðarleg þóknun stjórnarformanns verði tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skulu fá 50.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna. Þá er lagt til að þóknun til undirnefnda stjórnar, þ.e. starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar, verði 50.000 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund og tvöföld sú fjárhæð fyrir nefndarformann. Þá er lagt til að ekki skuli greiða þóknun fyrir fleiri en einn fund í undirnefndum stjórnar á mánuði og að ekki verði greidd þóknun til starfsmanna í samstæðu Landsbankans hf. vegna starfa þeirra í stjórn eða undirnefndum stjórnar Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 9. Önnur mál

Undir þessum lið kvaddi Steinþór Pálsson bankastjóri sér hljóðs. Hann ávarpaði fundinn og þakkaði sérstaklega stjórn Landsbréfa hf. og starfsmönnum félagsins fyrir vel unnin störf. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð. Fleira var ekki rætt á fundinum. Fundargerð var lesin upp og fundi slitið kl. 16.45.

Þannig farið fram.

[sign]

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

[sign]

Theodóra Thorlacius, fundarritari